



Árnesi, 27. júní 2024

## Erindi frá framkvæmdanefnd til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Þann 21. febrúar stofnaði sveitarstjórn framkvæmdanefnd vegna uppbyggingar skóla- og íþróttasvæðis í Árnesi. Í nefndinni eru Haraldur Þór Jónsson, Gunnar Örn Marteinsson og Lilja Loftsdóttir. Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram að hlutverk nefndarinnar er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi uppbyggingu skóla- og íþróttasvæðis í þéttbýli Árness og þurfa tillögur hennar að berast sveitarstjórn til umfjöllunar og staðfestingar.

Nefndin hefur fundað 10 sinnum og unnið að þarfagreiningu og hönnun á íþróttamiðstöð og kjarna sem þjónar þörfum samfélagsins til næstu áratuga. Í vinnu nefndarinnar var fljótt talið að mikilvægt væri að samtengja íþróttamiðstöð við núverandi skólahúsnæði og þannig koma allri starfsemi fyrir undir einu þaki. Einnig var horft til þess að skapa eina miðstöð fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun, sundlaugasvæði til framtíðar ásamt því að vinnuaðstaða fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og annarra fyrirtækja sem þurfa skrifstofuaðstöðu í sveitarfélaginu. Með því móti geti ný íþróttamiðstöð þjónað öllum aldurshópum íbúa sveitarfélagsins ásamt því að verða aðráttarafl fyrir frekari íbúðauppbyggingu og fjölgun íbúa til framtíðar.

Framkvæmdanefndin hefur samþykkt aðaluppdrætti að íþróttamiðstöðinni sem eru tilbúnir og leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdinni verði skipt upp í þrjá áfanga.

1. Í fyrsta áfanga verði húsið byggt og jarðhæð með anddyri, matsal, búningsklefum og íþróttasal tekin í notkun. Byggt verði tengibygging milli íþróttamiðstöðvar og Þjórsárskóla ásamt því að aðkomuvegur, bílastæði og lóð verði frágengin.
2. Í öðrum áfanga verði innréttaður tækjasalur fyrir lóð og upphitunartæki ásamt því að 900fm efri hæð sem mun innihalda skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk sveitarfélagsins, kennara og fyrirtæki sem munu nýta skrifstofuaðstöðuna verði innréttuð að fullu.
3. Í þriðja áfanga verði byggt nýtt sundlaugasvæði með 25 metra sundlaug, heitum pottum, leiklaug og rennibrautum. Sundlaugasvæðið mun samnýta anddyri, móttöku og búningsklefa íþróttamiðstöðvarinnar.

Framkvæmdin er yfir viðmiðunarfjárhæð innkaupum opinberra aðila og er því útboðsskyld. Ljóst er að ekki eru margir aðilar á svæðinu sem hafa getu til að taka að sér slíka framkvæmd og því telur framkvæmdanefnd mikilvægt að útboðinu verði skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga um afmarkaða þætti verksins.

Í 53. gr. laga um opinber innkaup segir m.a.: "Eins og fram kemur í almennu athugasemdunum er áhersla lögð á það í tilskipuninni að liðka fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME) í opinberum innkaupum. Í þessu skyni og til að auka samkeppni eru kaupendur hvattir til að skipta niður stórum samningum þannig að stærð samninga henti betur getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Kaupanda er frjálst að ákvarða stærð og efni hlutanna í samræmi við viðeigandi reglur um útreikning á virði samnings. Ef kaupandi ákveður að ekki sé heppilegt að skipta samningi niður í hluta á að koma fram í útboðsgögnum eða samningsskýrslu, sbr. 92. gr. frumvarpsins, hvaða meginástæður eru fyrir því vali. Sem dæmi gætu ástæðurnar verið að kaupandi áliti að slík skipting gæti valdið hættu á að hamla samkeppni eða að hætta sé á að framkvæmd samningsins verði tæknilega séð óhóflega erfið eða kostnaðarsöm. Aðeins þarf að tilgreina þessar ástæður sérstaklega þegar innkaup eru yfir EES-viðmiðunarfjárhæðum. Ef samningum er skipt í hluta er kaupanda heimilt til að viðhalda samkeppni eða tryggja áreiðanleika afhendingar að takmarka fjölda hluta sem fyrirtæki getur gert tilboð í og jafnframt takmarka fjölda hluta sem getur komið í hlut einhvers tiltekins bjóðanda."



Einnig kemur fram í 29. gr. laga um opinber innkaup að þegar innkaupum á fyrirhuguðu verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.

Þegar heildar virði samninga sem greinir í 1. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup er yfir viðmiðunarfjárhæðum er þó heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð allra samningshluta.

Kostnaður við hönnun á aðaluppdráttum íþróttamiðstöðvarinnar er kominn í um 3 milljónir króna og hefur verkfræðistofan Húmfaxi ehf unnið aðaluppdrættina. Framkvæmdanefndin leggur til að samið verði við verkfræðistofuna Húmfaxa ehf um að verða aðalhönnuður hússins og klára hönnun allra þátta hússins. Einnig leggur framkvæmdanefnd til að Ingvar Þrándarson verði ráðinn byggingarstjóri og verkstjóri í framkvæmdinni. Að öðru leyti leggur framkvæmdanefndin til að oddvita verði falið að bjóða út alla helstu verkþætti framkvæmdarinnar í fleiri sjálfstæðum samningum um afmarkaða þætti verksins.

Framkvæmdanefnd telur mikilvægt að útboð um jarðvinnu verði haldið sem fyrst með það að markmiði að hægt verði að hefja jarðvinnu í ágúst. Einnig þarf að bjóða út framleiðslu á límtréshúsinu, en mikilvægt er að klára samninga við framleiðenda svo hönnun á sökklum og plötu geti átt sér stað.

#### **Framkvæmdanefnd**

Haraldur Þór Jónsson

Gunnar Örn Marteinsson

Lilja Loftsdóttir